

96. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 29. janúar 2019

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú, Egilsstöðum og hófst kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Hildur Þórisdóttir (HP), Þráinn Lárusson (PL), Gunnar Jónsson (GJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir stjórnarmenn SSA undir 2. lið: Stefán Bogi Sveinsson, Pálína Margeirsdóttir og Stefán Grímur Rafnsson

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 2. lið

Óskar Jósefsson framkvæmdastjóri stjórnstöðvar

Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri

Guðný Hrafnkelsdóttir, verkefnastjóri hjá Ferðamálastofu

Gestir fundarins undir 6. lið

Anna Lea Gestsdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

Andri Þór Árnason, lánasérfræðingur hjá Byggðastofnun

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 95
2. Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa
3. Samtal um stefnur ríkisins í landshlutunum
4. Staða mála í starfshópum á vegum ráðuneyta sem framkvæmdastjóri situr í
5. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar
6. Önnur mál
 - Samstarf Byggðastofnunar og Austurbrúar
 - Málefni skógræktar á Austurlandi
 - Samstarf Íslandsstofu og Austurbrúar

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 95

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 95 og mun undirrita á næsta fundi

2. Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa

Gestir fundarins undir þessum lið eru: Óskar Jósepsson framkvæmdastjóri stjórnstöðvar, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri og Guðný Hrafnkelsdóttir, verkefnastjóri hjá Ferðamálastofu. Einnig sátu þennan lið Stefán Bogi Sveinsson, Pálína Margeirsdóttir og Stefán Grímur Rafnsson úr stjórn SSA.

Óskar og Skarphéðinn fóru yfir stöðu mála vegna áfangastaðaáætlana og hugmyndum um nauðsyn áfangastaðastofu til að fylgja eftir innleiðingu áfangastaðaáætlunum. Er þessu fundur liður í því að ræða stoðkerfi landshlutanna m.t.t. innleiðingu áætlanna.

Það er mat stjórna SSA og Austurbrúar að Austurbrú sé þegar orðin áfangastaðastofa en fjármunir til að fylgja eftir innleiðingu þeirra verkefna sem fram koma í áfangastaðaáætluninni eru að skorum skammti og mikilvægt að finna lausnir á því. Til Austurbrúar var stofnað af framsýni á sínum tíma og ekki sýst af nauðsyn vegna fjarlægðar frá öllu því stoðkerfi sem til er á suðvesturhorni landsins.

Stjórn Austurbrúar óskar eftir auknu samstarfi við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála til að byggja enn frekar undir þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í byggt á áfangastaðaáætluninni „Action Austurland“. Niðurstaða fundarsins er að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram á grundvelli þeirra hugmynda er fram komu á fundinum í samstarfi við ferðamálastjóra.

Stjórn þakkaði fyrir komuna og samtalið.

Gestir þessa málefnis yfirgáfu fundinn að þessum lið loknum.

3. Samtal um stefnur ríkisins í landshlutunum

Dagskrá ráðstefnunnar var lögð fram til kynningar.

4. Staða mála í starfshópum á vegum ráðuneyta sem framkvæmdastjóri situr í

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna starfshópa sem hún situr í f.h. Austurbrúar.

5. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar

Formaður fór yfir umræðuna í stjórn SSA og niðurstöðu hennar sem samþykkt var samhljóða. Stjórn Austurbrúar samþykkir samhljóða tillögurnar og að fela starfsháttanefnd að vinna að frágangi svo hægt sé að leggja tillögurnar fyrir aukaaðalfund hjá Austurbrú þann 19. febrúar kl. 15:00 á Egilsstöðum.

6. Önnur mál

Samstarf Byggðastofnunar og Austurbrúar

Gestir fundarins undir þessum lið eru Anna Lea Gestsdóttir, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar og Andri Þór Árnason, lánasérfræðingur hjá Byggðastofnun. Anna Lea og Andri fóru yfir samstarfið við Austurbrú. Tilgangur ferðarinnar er að hitta starfsfólk stofnunarinnar á starfsdegi þeirra sem fram fer 30. janúar með það að markmiðið að auka enn frekar samstarf og samskipti á milli Austurbrúar og Byggðastofnunar. Kynnti framkvæmdastjóri og Andri að stefnt sé að heimsókn lánasérfræðinga á Austurland með vorinu og er þá reiknað með að heimsækja sem flestar starfsstöðvar Austurbrúar og bjóða upp á fundi í tengslum við verkefni.

Stjórn þakkaði fyrir komuna og samtalið.

Gestir þessa málefnis yfirgáfu fundinn að þessum lið loknum.

Málefni skógræktar á Austurlandi

Framkvæmdastjóra er falið að bjóða Jóni Geir Péturssyni skrifstofustjóra landgæða hjá umhverfisráðuneytinu og Birni Helga Barkarssyni sérfræðingi til fundar við stjórn og hagaðila um málefni skógræktar á Austurlandi við fyrsta tækifæri.

Samstarf Íslandsstofu og Austurbrúar

Framkvæmdastjóra er falið að bjóða Pétri Óskari Þorsteinssyni forstjóra Íslandsstofu til fundar við stjórn til að ræða samstarf Austurbrúar og Íslandsstofu sem og erlenda markaðssetningu Austurlands við fyrsta tækifæri.

Næsti fundur stjórnar verður 12. mars á Reyðarfirði. Fundi slitið kl. 17:20.

Einar Már Sigurðarson

Sæunn Stefánsdóttir

Hildur Þórisdóttir

Þráinn Lárusson

Gunnar Jónsson